


Akureyri 6. mars 2018

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta, 45. mál.**

Stjórn Eyþings tekur undir þingsályktunartillöguna. Full þörf er á að hraða uppbyggingu fjarfundabúnaðar í ráðuneytum. Einnig er mikilvægt að stofnanir ríkisins komi sér upp slíkum búnaði. Sveitarfélög á landsbyggðinni sem og landshlutasamtök sveitarfélaga þurfa reglulega að eiga samskipti við ráðuneyti og stofnanir. Oft og tíðum kallar það á mikinn ferðakostnað og tíma. Tímasparnaðurinn er ekki síður mikilvægur í þessu samhengi. Hingað til hefur oft verið erfitt að fá fjarfund vegna skorts á búnaði. Þá tekur stjórn Eyþings undir það að „framkvæmdarvaldinu, með Stjórnarráði Íslands í broddi fylkingar, ber að vera aðgengilegt fyrir alla landsmenn og þjónusta einstaklinga og lögaðila jafnt, óháð búsetu“.

F.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri